

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um framfærsluskyldu óskilgetins sonar gagnvart föður sínum.* — Hreppsnefndin í Hjaltastadahreppi hefir áfrýjað hingað úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 12. ágúst f. á., þar sem þjer með skírskotun til 9. gr. tilsk. 25. septbr. 1850 sbr. við D. L. 5.—2.—70, hafid látið í ljósi þá skoðun, að óskilgetnum syni beri eigi að annast að öllu leyti þarfandi föður sinn.

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um þetta, finn jeg enga ástæðu til að breyta hinum áfrýjaða úrskurði; en að öðru leyti er hreppsnefndinni frjálst að sækja mál þetta fyrir dómstólunum, og mun það þar fá fullnaðarúrslit sín.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

Reglugjörð

fyrir gagnfrøðaskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal.

1. grein.

Það er ætlunarverk skóla þessa, að veita þeim, sem í hann ganga almenna menntun.

2. grein.

Frøðigreinar þær, er þar skal kenna eru þessar: íslenska, danska, enska, nýja sagan, einkum saga norðurlanda, stutt landafrøði, einfaldur reikningur, og af náttúrufrøði einkanlega meginsetningar affrøðinnar, ofnafrøðinnar og steinafrøðinnar, uppdráttarlist, verkleg og bókleg búfrøði.

3. grein.

Áður en nokkur piltur kemst í skólann verður hann að sýna skilríki fyrir því.

a, að siðferði hans sje óspilt.

b, að hann sje bólusettur.

c, að hann sje eigi yngri en 14 vetra og eigi eldri en 24 vetra.

d, að hann sje vel læs og skrifandi.

e, að hann þekki svo stafsetningu móðurmáls síns, að hann kunni að skrifa það stórlýtalaust.

4. grein.

Kennslunni í skólanum skal svo hagað, að henni verði lokið á 2 vetrum að meðtöldu sumrinu þar á milli. Enginn getur notið kennslu í efri bekk skólans eða með efri kennsluflokknum, nema því að eins, að hann hafi staðizt próf það, sem haldið er við lok fyrra kennsluvetrarins.

5. grein.

Skólaárið telst frá 1. október ár hvert til 30. sept. árið þar á eptir; því skal skipt í vetrarskóla og sumarskóla. Vetrarskólinn byrjar 1. okt. ár hvert, og endar 1. maí þar á eptir, og skal í honum kenna allar námsgreindir, en sumarskólinn byrjar í miðjum maímánuði og stendur til miðs septembermánaðar sama árs, og skal þá einkum kennð verkleg búfrøði og þær bóklegu vísindagreindir, er standa í sambandi við hana.

6. grein.

Bókleg kennsla skal vera að minnsta kosti 5 klukkustundir hvern rúmhelgan dag í vetrarskólanum, en að öllum jafnaði klukkustund daglega í sumarskólanum. Hinum kennslutímanum skal varið til kennslu í verklegri búfrøði, og í vetrarskólanum skal verja